

Minnisblað

25. apríl 1998

Málsnúmer 98020018

Móttakandi Landbúnaðarnefnd Alþingis
Sendandi Sigurgeir Þorgeirsson

Efni Frumvarp til búnaðarlaga

Á fundi undirritaðs með formanni og varaformanni landbúnaðarnefndar 18. apríl sl. varð samkomulag um eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1.gr.- 4.tl. "*oftast í einum hreppi*" falli út.

3.gr.- 1.mgr. Í stað þess að búnaðarþing geri "*tillögu til fimm ára*" o.s.frv. var rætt um að ekki væri eðlilegt að binda í lögnum hvernig BÍ stæðu að tillögugerðinni, heldur að samningurinn skuli borinn undir búnaðarþing. Þessi breyting er í lagi af hálfu BÍ.

4.gr. 5.ml. hljóði svo: "*Jafnframt skulu sitja í fagræðum eða starfa með þeim sérfróðir aðilar*" o.s.frv.

7.gr. - 2.mgr. Í stað "*sem liggja innan svæða sveitarfélaga og ætluð eru til annars en landbúnaðar*" komi: "*sem liggja á svæðum sem tekin hafa verið úr landbúnaðarnotum eða skipulögð til annars en landbúnaðar*". (Þarf e.t.v. að athuga betur orðalagið).

8.gr. Í stað "*Leiðbeiningamiðstöðvar*" komi "*Búnaðarsambönd / leiðbeiningamiðstöðvar*"

9.gr. - í 1. línu: "*í landinu*" falli út.

11.gr. Í stað "*framrækta*" í fyrstu línu komi "*rækta*".

13.gr. - 2.mgr. Í stað "*föllum gripa*" komi "*afurðum*".

17.gr. - 3.tl. Í stað "*bændum og öðrum viðkomandi*" komi "*þeim sem starfa að landbúnaði*".

18.gr. - 2.ml. 1.mgr. Orðin "*ræktunarframkvæmdum og öðrum*" falli út.

- 2.mgr. Í stað "*Ráðunautar*" komi "*Héraðsráðunautar*". Þetta byggist þó á því að bætt verði við skilgreiningar í 1.gr. 11. tl. um héraðsráðunauta skv. tillögu búnaðarþings.

Þá var á fundi okkar samkomulag um að í stað "*Á leiðbeiningamiðstöðvum*" í upphafi 1.mgr. kæmi "*Að leiðbeiningum*", en þetta þarf að skoða betur m.t.t. textans sem á eftir kemur.

Hugsanlegt er að setja í staðinn: "*Hjá búnaðarsamböndum / leiðbeiningamiðstöðvum*".

Athuga þarf um gildistíma nýrra laga með hliðsjón af lögbundnum framlögum til jarðabóta o.s.frv.

Loks er minnt á samþykktir búnaðarþings um nokkrar aðrar breytingar, sem mér virtist ekki vera ágreiningur um.


Sigurgeir Þorgeirsson